

-Arfabót-

Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri,
V-Skaftafellssýslu. Óþekkt hús (Hús H), eldhús (Hús I) búr og
prufuskurðir

Skýrsla IX



Bjarni F. Einarsson
2025



Samstarfsaðilar: Próf. Þorvaldur Þórðarson, jarð- og eldfjallafræðingur HÍ
 Dr. Hilmar J. Malmquist, líffræðingur Náttúruminjasafni Íslands
 Próf. Snæbjörn Pálsson, stofnlíffræðingur HÍ
 Dr. Ólafur Eggertsson, jarð- og viðarfræðingur Skógræktin á Mógilsá
 Dr. Wesley Randall Farnsworth, jarðfræðingur við Globe institute, Kaupmannahöfn. HM Queen Margrethe II's and Vigdís Finnbogadóttir's Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate and Society (ROCS)
 Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate and Society (ROCS). University of Copenhagen. Globe Institute - HÍ

Forsíðumyndin sýnir meinta skaftkolu sem fannst í búrinu inn af skálanum (Húsi F1). Hún er óvenju stór og hugsanlega ófullgerð. Bollinn gæti hafa verið um 10 sm í þvermál. (Fnr. 2024-1. Ljósm. BFE 2024).

FÖRNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
 Janúar 2025

Formáli

Níunda sumar rannsókna í Arfabót hófst mánudaginn þann 1. júlí síðastliðinn og stóð yfir til 19. júlí. Stefnt var að því að klára það sem eftir væri af upphaflegum markmiðum rannsókna og að þetta yrði síðasta sumar rannsókna í Arfabót. Þetta gekk ekki eftir, en eftir standa tvö rými, nýtt eldhús sem er hálfgrafið og stofan.

Helsta markmið rannsókna er sem fyrr að grafa fram síðasta skeið bæjarins og hafa hann til sýnis þeim sem áhuga hafa á að skoða slíkan bæ.

Stefnt var að því að leita til þrautar af gröfum í kirkjugarðinum og kanna hvort aflögð rými leyndust norðan við stofuna, skálann og rými H. Engar vísbendingar komu í ljós um að grafir væru í kirkjugarðinum, en staðfest er að norðan við öll aðalrými bæjarins voru leifar af eldri rýmum, en vegna vatnsaga var ekki hægt að grafa niður í dautt og sjá eldri gólf.

Ekki tókst að fá upplýsingar um hve langur tími leið frá gosinu í Eldgjá 934 þar til að byggð hófst aftur á staðnum. Grunnvatnsstaðan var of há. Þess verður freistað næsta sumar að fá einhverjar upplýsingar um þetta.

Styrktaraðilar rannsókna voru Fornminjasjóður og Skaftárhreppur.

Auk undirritaðs tóku þátt í rannsóknunum þau Erla Sóley Skúladóttir, Helga Jónsdóttir, Steinunn Edda Einarsdóttir og Svavar Níelsson fornleifafræðingar, Sigþór Bjarmi Geirsson fornleifafræðinemi og Þorgeir Eiríksson aðstoðarmaður, en hann sá m.a. um að stýra vélgröfunni. Tveir nemar tóku einnig þátt í rannsóknunum, M.A nemarnir Valerio Punzy frá HÍ og Philipp Conrad frá Háskólanum í Leiden í Hollandi.

Allur aðbúnaður á vettvangi var sem fyrr og hefur verið lýst áður.

Samstarfsaðilar voru, Dr. Ólafur Eggertsson Skógræktinni á Mógilsá, Hilmar J. Malmquist á Náttúruminjasafni Íslands, Próf. Þorvaldur Þórðarson HÍ, Próf. Snæbjörn Pálsson HÍ og Welsey Randall Farnsworth, Globe institute, Kaupmannahöfn.¹

Öllum styrktaraðilum, samstarfsaðilum og starfsmönnum, færi ég mínar bestu þakkir. Einnig þakka ég staðarhöldurum í Nonna og Brynjuhúsi, þeim Sigurði og Kristbjörgu.

Forsögu rannsókna og staðháttum hefur verið lýst í fyrri skýrslum.

Veður var nokkuð gott með fáeinum slæmum undantekningum, en eins og háttar til á sandinum er gjarnan vindur sem hreyfir sand sem verður til vandræða á stundum. Helsta vandamálið var þó að grunnt var niður á grunnvatnið nær allstaðar þar sem grafið var niður.

¹ Rocs. Queen Margarethes and Vigdís Finnbogadóttir's Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate, and Society. Háskólinn í Kaupmannahöfn - HÍ.



Mynd 1. Drónamynd af bæjarhúsum Arfabótar. Skurðirnir þrír sjást mjög vel og eru þeir frá vinstri nr. I, II og III. Neðan við bæinn sést leitarhola (eftir gjóskum) sem fylltist af vatni og var ónothæf. (Stafr. myndir nr. 2024-69. Norður vísar upp. Ljós. BFE).

Rannsóknin

Eins og í fyrrasumar var hæðarpunkturinn austan við kirkjuna notaður. Er hann við X 400 Y 500 og hæð hans skilgreind sem 10 m.y.s.

Byrjað var á því að hreinsa vestan við kirkjuna, í húsi H og búrinu, Hús F1. Samhliða þessu var byrjað að hreinsa svæði ofan á veggjum austur af eldhúsinu (Húsi G), en þar voru vísbendingar um hleðslur og jafnvel hlóðir mót austri.

Teknar voru stafrænar myndir eftir því sem rannsókninni vatt fram og sömuleiðis voru drónamyndir teknar með reglubundnu millibili. Til að hægt sé að leiðrétta þá litlu bjögun sem linsan í drónum veldur, voru settir út gulmálaðir krossar á járnörin í hnitakerfinu svo þeir sæjust á helstu drónamyndum. Þetta er með öðrum orðum allt eins og það hefur verið frá upphafi rannsókna.

Öll hús eru nú fullrannsökuð miðað við aðalmarkmið rannsókna sem var að rannsaka síðasta skeið búsetunnar. Þeim hefur öllum verið lýst í fyrri skýrslum. Lítilsháttar viðbætur eru við Hús F1 (búr) og Hús H í þessari skýrslu.

Hús H og F1 (búr)

Áfram var haldið í Húsi H til að reyna að komast að því hvert hlutverk hússins var. Þetta gekk ekki eftir og er því húsið hálfgerð ráðgáta enn. Ekkert nýtt kom í ljós og því ekki ástæða til að teikna húsið aftur.

Húsið er varla hefðbundin smíðja því ekkert eldstæði fannst í því. Gjallið og hrájárnið (blástursjárnið) sem fannst í húsinu bendir óneytanlega til þess

að smíðar hafi verið stundaðar í húsinu. Gólfið sýndi að eldur hefur brunnið þar inni. Er hugsanlegt að eldstæðið hafi verið upphækkað járnborð? Slíkt fyrirkomulag er þekkt frá miðöldum.

Svæðið vestan við Hús H, sem túlkað hefur verið sem þaklaust rými, var rannsakað áfram og í NV horninu fannst svolítið af hrísi og kvistum og því gæti þetta hafa verið eldiviðargeymsla. Engir gripir fundust á þessu svæði.

Búrið (Hús F1) var hreinsað og svæðið í kring um sáfarið skoðað nánar til að fá það alveg á hreint að ekkert væri eftir af sjálfum sánum. Var það staðfest að ekkert var eftir af sánum og líklega hefur hann verið tekinn upp þegar fólkið yfirgaf bæinn. Fleiri för eftir tunnur við gaflinn fundust ekki.

Við þessa yfirferð fundust kola (mjög stór, sjá forsíðumynd, járnagli, steinn með gati (kljásteinn eða sakka?) og fjórir ógreinanlegir bronsmolar.

Prufuskurðir

Prufuskurður I

Prufuskurður I var grafinn þvert á stofuna og út fyrir hana til norðurs yfir vegginn. Stærð skurðarins var 1 x 9,8 m. Að sunnanverðu var skurðurinn 0,87 m djúpur og að norðan 1,39 m djúpur. Gólfið í stofunni var 8,48 m.y.s. sem var 0,51 m lægra en í miðri skemmuni austan við stofuna og 0,65 m lægra en mitt sunðið austan við skemmuna. Gólfið í miðjum skálanum var 8,41 m.y.s. eða 7 sm lægra en í stofunni.

Nokkuð var af grjóti í skurðinum, þó einkum rétt innan við innri norður vegglinu húsinns. Þetta hljóta að vera steinar úr veggjum hússins og gætu verið afleiðing af jarðskjálftum því þeir



Mynd 2. Hús H til hægri og opna rýmið vestan við það. (Stafr. myndir nr. 2024-32. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).



Mynd 3. Skurður I þvert á stofuna og norður fyrir hana. Grjótið hlýtur að vera hrun úr veggjum. Dökk grái sandurinn er utan við stofuna. (Stafr. myndir nr. 2024-70. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).

hafa fallið úr veggjum áður en sandurinn fyllti húsið. Sé svo gefur það fyrirheit um ríkari gripaflóru en annarsstaðar í húsunum.

Grafinn var 1x1 m stór hola milli norðurenda prufuskurðarins og hleðslunnar í innri vegglinu stofunnar til að freista þess að komast niður í dautt. Þetta tókst ekki alveg sökum grunnvatnsins. Botn holunnar var 8,16 m.y.s. eða 32 sm undir gólfíð. Skurðurinn sýndi að breidd stofunnar hefur verið 4,12 m. Ekki komu greinilegir torfveggir í ljós, né hleðslusteinar fyrir utan steinanna inni í stofunni. Hins vegar var mikið um hreifðan jarðveg.

Út frá þessum prufuskurði var annar skurður grafinn þvert á hann til vesturs. Var hann 1x4 m stór. Talsvert var af grjóti í skurðinum sem hlýtur að vera úr veggjum hússins. Í honum vestanverðum var komið niður á hugsanlegt gólf sem var 8,57 m.y.s. eða 9 sm hærra en stofugólfíð í fyrri skurðinum. Þetta gæti verið vísbending um að í vesturenda stofunnar hafi verið pallur. Vatn aftraði frekari rannsókn.

Í skurðinum í stofunni fundust fjórir gripir. Voru það járn (sill?), ógreinanlegt bronsbrot, járnhnoð og ógreinanlegt járn. Á vegg stofunnar að norðan fannst bronsþynna með hnoði. Norðan við stofuna fannst brýni úr flögubergi.

Hugsanlega hefur stofan verið allt að 9,4 m löng sem gerir 38.73 m³ sem er stærra en stofan í Kúabót, en hún var 27,69 m³. (Gísli Gestsson 1987:14). Þessar tölur þarf að staðfesta með fullnaðarrannsókn á stofunni.

Tekin voru þrjú sýni úr skurðunum, eitt viðarkolasýni og tvö jarðvegssýni. Ekkert þeirra var sent í greiningu að svo stöddu.



Mynd 4. Horft eftir suðurhluta skurðar II. Sjá má greinilegan torfvegg þvera skurðinn og annan í bláhorni til hægri. (Stafr. myndir nr. 2024-2. Horft mót S. Ljós. BFE).



Mynd 5. Syðsti hluti Skurðar II. Sjá má torveggi um alla holuna og streng í þeim öllum. Ljósgráu lögin geta verið H 1206. Neðst er svart mannvistarlag, en svartu liturinn stafar bæði af rotnandi lífrænum leifum og viðarkolum. Í svarta laginu grillir í grjót. (Stafr. myndir nr. 2024-49. Horft mót V. Ljós. BFE).

Prufuskurður II

Skurðurinn var grafinn norðan við skálann. Var hann 1 x 4,58 m stór. 0,54 m langur kafli nyrst var ekki grafinn lengra niður en um 0,41 m svo hægt væri að nota hann sem tröppu upp úr skurðinum.

Dýpt skurðarins var 1,69 m að sunnan og 1,81 m að norðan. Í suðurenda var grafið niður á 8,28 m.y.s. eða 13 sm undir gólfið í skálanum. Enn dýpra var grafið í norðurenda skurðarins, eða niður á 7,70 m.y.s. en þar var 1 x 0,8 m stór hola grafin niður úr skurðinum.

Rétt undir yfirborði í sunnanverðum skurðinum (um 0,4-0,5 m) kom í ljós mjög greinilegur torfveggur sem gerður var úr streng þó kekkir hafi sést á stöku stað (sjá mynd 4). Veggurinn sést einnig rétt hægra megin fyrir miðju á mynd 5. Þegar neðar dró komu aðrir torfveggir í ljós um nær allan skurðinn og hvergi vottaði fyrir grjóti nema nyrst í skurðinum og syðst í neðsta laginu, en þar var svart mannvistarlag. Voru allir veggirnir ofan á því!

Í skurðinum fannst einn gripur, en það var brýni úr flögubergi sem fannst í SA horni skurðarins.

Í einum veggnum ofarlega virtist sjást í Heklu 1206 gjóskulagið sem er frekar auðvelt að greina út frá litnum.

Nyrst í skurðinum ofarlega voru hellur sem trúlega eru þakhellur sem runnið hafa til.

Tvö sýni voru tekin úr skurðinum, jarðvegssýni og viðarsýni. Þau voru ekki send í greiningu.

Prufuskurður III


Skurðurinn var grafinn norðan við Hús Hann var 1 x 4,06 m stór. Syðst var hann 1,23 m djúpur og nyrst 1,07 m djúpur. Um miðbikið var 0,65 x 1 m hola grafin niður og var hún 1,9 m djúp. Tilgangurinn var að finna gólf og komast niður á dautt. Hún fylltist nær strax af vatni og lengra var ekki komist, en þá var komið niður á 7,67 m.y.s. Er það 0,87 m undir efsta gólfi Húss H.

Nyrst í skurðinum var 0,53 m svæði skilið eftir og notað sem þrep og voru 0,43 m niður á þrepið.

Neðst í skurðinum að sunnan komu í ljós steinar sem greinilega voru hleðslur í vegg. Stefna þeirra þvert á skurðinn var á skjön við stefnu innri veggjabrúnar í Húsi H. Að öðru leiti sáust engir steinar í skurðinum og hreyfð lög og slitrur af torfveggjum sáust í skurðinum öllum. Engir gripir fundust í honum.



Mynd 6. Suðurendi skurðar III. Sjá má steinaröðina í skurðinum og afstöðu hennar við innri vegg Húss H. (Stafr. myndir nr. 2024-42. Norður vísar til vinstri. Ljós. BFE).



Mynd 7. Staðsetning Prufuskurða í bæjarhúsunum (rauður litur).

Eitt jarðvegssýni var tekið úr skurðinum, en ekki sent í greiningu.

Steinaleysið í prufuskurðunum þrem vekur athyggi. Annaðhvort hafa veggir ekki haft hleðslusteina eða, steinarnir hafa verið teknir og endurnýttir í nýrri vegg. Líklega er síðari kosturinn skýringin.

Leitarskurðir utan við bæjarhúsin

Notuð var vélgrafa til að grafa leitarskurði norðan og austan við bæjarhúsin án árangurs í öllum tilfellum utan eins. Síðasti leitarskurðurinn var grafinn utan við fjósdyrnar og þar var komið niður á mannvistarlag frá fjósinu. 0,31 m undir því var annað mannvistarlag með viðarkolum og brenndum beinum. Þetta lag var 1,42 m.u.y. Neðra mannvistarlagið er ekki frá fjósinu og gæti verið eldfornt.

Eldra eldhús, Hús I

Eins og að framan greinir þá voru vísbendingar um að hús leyndist beint austur af eldhúsinu, Húsi G. Fljótlega kom í ljós að svo reyndist vera. Húsið var ekki klárað og því var það ekki mælt upp, en það hefur verið mjög áþekkt að stærð og yngra eldhúsið, Hús G. Í stórum dráttum er þetta Hús I nær því eins og Hús G, fyrir utan að það snýr öðruvísi þar sem hlóðirnar snúa mót austri en ekki norðri. Hugsanlega hefur yngra eldhúsið skorið af því eldra, en það getur aðeins frekari rannsókn leitt í ljós.

Í húsinu fundust 15 gripir undir 12 númerum, en eitt númerið er yfir fjögur bein. Þetta var rétt tæpur helmingur gripa sem fundust þetta sumar. Í yngra eldhúsinu (Hús G) voru 14 fundanúmer skráð.

Engar vísbendingar um dyr úr skálanum inn í eldra eldhúsið sást nú né við fyrri rannsóknir. Allt bendir til þess að dyrnar inn í eldra eldhúsið hafi legið um rými sem síðar varð yngra eldhús. Hvers kyns hús þetta var áður en því var breytt í eldhús er ekkert vitað.

Þessi eldri bæjarmynd, með óþekktu rými og eldhúsi við enda ganga minnir mjög á Gröf í Örafum frá árinu 1362. (Gísli Gestsson 1959) og að vissu leiti á Kúabót sem er um 2,5 km austur af Arfabót (Gísli Gestsson 1987:12/13). Sömu grunnlausn, þ.e.a.s. að göngin leiddu inn í slík rými, má sjá á yngri býlum eins og Fornu-Lá og Sandártungu. (Kristján Eldjárn 1951).

Gripir

Samtals fundust 41 gripir undir 32 fundanúmerum sumarið 2024. Voru það bein eða brons sem stundum voru fleiri en eitt undir einu númeri. Þessi fjöldi var þvert á spá síðasta árs, þar sem færri gripa var að vænta nú en þá. Skýringin er eldra eldhúsið og stofan, sérstaklega eldhúsið, sem gáfu fleiri gripi en reiknað var með.

Algengustu gripaflokkarnir sem fundust 2024 voru brons og bein. 15 ógreinanlegir bronsmolar undir fimm númerum voru skráðir og 13 bein undir sex fundanúmerum. Þriðja algengasta gripategundin voru brýni, en fjögur brýni fundust þetta sumar en þau eru nú orðin 10 samtals frá Arfabót. Eitt brýnanna er svokallað



Mynd 8. Drónamynd af eldra eldhúsinu, Húsi I. (Stafr. myndir nr. 2024-71. Norður vísar til vinstri. Ljós. BFE).



Mynd 9. Drónamynd af hluta bæjarhúsanna. Elhúsin tvö eru til vinstri og skálinn hægra megin við þau. Sjá má bæjardyr, göng, skála, búr, klefa og hluta stofu. (Stafr. myndir nr. 2024-38. Norður vísar til vinstri. Ljós. BFE).



Mynd 10. Heinbrýni sem fannst ofan á rústunum, lausafundur. (Fnr. 2024-31. Ljós. BFE).



Mynd 11. Klébergsbrot úr skál sem fannst í eldra eldhúsinu, Húsi I. (Fnr. 2024-18. Ljós. BFE).



Mynd 12. Steinn með gati (götum) sem gæti verið kljásteynn eða sakka. Fannst hann við norðurvegginn í búrinu. (Fnr. 2024-10. Ljós- m. BFE).



Mynd 13. Kljásteynn eða sakka sem fannst í eldra eldhúsinu, Húsi I. (Fnr. 2024-21. Ljós- m. BFE).

Efni	2012	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals	A	B	C	D	E	F	G	H	I	Hlað	Kirkjug.	Annarsstaðar
Bein	-	15	9	13	11	9	2	2	6	67	7	3	19	-	1	15	3	3	4	6	4	2 (lausaf.)
Brons		2	4	1	10	16	3	5	11	52	2	-	4	2	-	30	-	1	3	2	4	3. 1 lausaf. í skemmu
Járn		5	9	6	17	13	1	7	7	65	4	2	8	3	2	25	8	2	2	5	1	3
Steinn		3	-	1	6	3	-	2	3	18	2	1	-	-	1	9	3		1	-		1
Tré		1	3	2	5	24	-	-	-	35	1	-	5	-	3	26	-		-	-		-
Flöguberg		-	1	-	-	5	-	-	4	10	-	-	-	-	-	6	-		1	-		3
Leirtau		-	-	-	-	4		1	-	5						4			1			
Skel/hismi						1	-	-	-	1						1						
Leður						3	-	-	-	3						3						
Ull						3	-	-	-	3						3						
Gjall							1	4	-	5								5				
Kléberg									1	1									1			

Tafla 2 yfir sumar gripategundir (fundanúmer) í einstökum húsum, án beina. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum.

heinbrýni sem fannst ofan á rústunum og telst vera lausafundur (sjá mynd 10). Aðrir gripir voru tveir járnnaðlar, tveir ógreinanlegir járnmoðar, ein hugsanlega skeifa, eitt járnhoð, eitt bronsnoð, síll úr járn, ein kola (sjá forsiðumynd), einn steinn með náttúrulegu gati (líklega kljásteynn eða sakka, sjá mynd 12), einn steinn með boruðu gati (kljásteynn eða sakka, sjá mynd 13) og eitt brot af klébergi en kléberg hefur ekki fundist áður í Arfabót. Brotið fannst í eldra eldhúsinu, Húsi I (sjá mynd 11).

Sýni

25 sýni voru tekin sumarið 2024. Voru þetta fjögur viðarsýni, fjögur viðarkolasýni, fjögur gjóskusýni, sex jarðvegssýni og sjö beinasýni. Öll gjóskusýnin voru send í greiningu til Þorvaldar Þórðarsonar í HÍ. Önnur sýni hafa ekki verið send í greiningu.

Sýnin sem voru send í greiningu voru eitt sýni austan við sáfarið í búrinu, eitt sýni úr vegg yngstu kirkunnar og tvö sýni úr kirkjugarðs- veggnum norðan við kirkjuna.

Niðurstaða greininganna liggja ekki fyrir, en þær eru komnar í ferli.



Mynd 14. Leitarskurður utan við fjósið. Ljósa lagið eru lífrænar leifar frá fjósinu. Þar undir grillir í hvíta þunna rönd sem eru brennd bein (Stafr. myndir nr. 2024-72. Horft mót N. Ljós- m. BFE).

Ekki tókst að taka eDNA sýni síðastliðið sumar, en stefnt er að því að gera það sumarið 2025.

Tegund	A Fjós	B Heystæði	C Skemma	D Stofa	E Klefi	F Skáli/búr	F1 Búr (*24)	G Eldhús	H	I Eldhús	Hlað	Kirkjug.	Lausafundu
Hnifar	1				1	2							1
Steinar	2	1				7							
Kljásteinar						3	1	2		1			
Snældusnúðar						2							
Brýni			1			5				1			
Rónaglar											2		
Naglar (járn)			2		1	5	1	2	1		3	1	
Naglar (brons)				1					1	1		1	
Sneisar			3		1	1							
Brons (plöt.lykkja, lok)			2	1		3	4				1	3	
Unnið tré			1			4							
Unnin bein			1			1			1				
Hóffjaðrir			1			1		3			1		
Kolur					1		1	1					
Bronsprjónar/nálar						1				1			
Járnlykkja						1						1	
Fiskasleggjur						1							
Bronsborði						2							
Bronskál						3							
Bronsdiskur						1							
Bronsskinnur						1							
Slípisteinar						1							
Tréhælar						3							
Trélok						1							
Beltissproti						1							
Næla						1							
Leirtau						4						1	
Leður						3							
Skel/hismi						1							
Kotra						1							
Síll				1		1							
Sleif						1							
Textíll						3							
Gjall									5				
Hrájárn									1				
Kléberg											1		
Skeifa?											1		

Tafla 3. Gripir (án beina) í einstökum Húsum og annarsstaðar í Arfabót.

Hugleiðingar og næstu skref

Nú hefur eitt af meginmarkmiðum rannsóknanna í Arfabót náðst, en það var að grafa fram síðasta skeið bæjarins, kirkjuna og kirkjugarðinn. Sömuleiðis hefur upphaf búsetu á staðnum verið könnuð og staðfest að hún er eldri en 934 og líklega hefur bærinn farið í eyði við eldgosið í Eldgjá þetta ár eða á allra næstu árum, enda stóð gosið yfir í um 6 ár. Eftir gosið liggur búseta niðri í nokkurn tíma, líklega í tvær aldir hið minnsta, en hefst svo aftur og verður svo enn á ný fyrir barðinu á röð gosa í Kötlu, einkum flóða, sem að lokum leiðir til þess að bærinn er endanlega yfirgefinn á 15. öld.

„Eldgjárgosið 937-40 e.kr. og þá sér í lagi hraunflæðið frá því gosi, sem flæddi niður Álftaversafréttinn, yfir sandinn til sjávar þar sem nú standa Alviðruhamrar, breytti aðstæðum verulega á Mýrdalssandi og þá sér í lagi með tilliti til jökulhlaupa samfara Kötlugosum. Á sögulegum tíma hafa flest öll Kötluhlaupin farið austur af Mýrdalsjökli og út yfir Mýrdalssand. Í kjölfar Eldgjárgossins lentu þessi hlaup á hraunbrún sem á 10 öld lá norður-suður eftir sandinum frá Rjúpnafelli og til sjávar rétt austan við svo nefndan Lambajökul. Þessi brún hefur í það minnsta verið 25 m há, og hugsanlega sum staðar allt að 40 m há. Hraunbrúnin beindi fyrstu Kötluhlaupunum eftir Eldgjárgosið (þ.e. á 12 öld og árin 1179, 1245, 1262)

niður Vestur-sandinn og í sjó við Hjörleifshöfða. Hlaupavatnið hefur sennilega að mestu afmarkast við þá árfarvegi sem voru til staðar og þeirra nánasta umhverfi. Þannig verndaði hraunið byggðina í Álftaverinu og dró úr áhrifum hlaupanna á Austur-sandinum. Breyting á eðli jarðvegs á Hjörleifshöfða í kjölfar Kötlugossins 1416 - jarðvegurinn verður svartur og sandborin = stóraukið sandfok - bendir til þess að jökulhlaupið sem var samfara því gosi hafi verið það fyrsta sem náði viðtækri útbreiðslu á láglendinu. Hugsanlega er það fyrsta flóðið sem flæddi yfir Álftavershraunið (a.m.k. hluta þess) og, í raun, formaði Mýrdalssand í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Þegar hér er komið sögu, þá stendur hraunið ekki lengur upp úr sandinum, þannig að seinni jökulhlaup áttu greiðari leið á Austursvæðið, og Álftaverið (þ.m.t. svæðið þar sem Arfabót stóð) og verður berskjaldaðra fyrir hlaupum og sandfoki.“ (Þorvaldur Þórðarson 2025).

Lífsbaráttan í Arfabót á síðasta skeiði bæjarins var háð við erfiðar aðstæður, en þannig var það ekki alltaf. Til að varpa ljósi á stöðuna áður en halla fór undan fæti er nauðsynlegt að rannsaka stofuna og eldra eldhúsið (Hús I), sem nú eru einu rýmin sem eru órannsökuð fyrir utan rými sem eru ósýnileg undir veggjum að norðan og verða ekki rannsökuð.

Ekki er útilokað að þrátt fyrir endalok Arfabótar á Mýrdalssandi hafi fólkið á bænum getað flutt sig á aðra jörð í öðrum landshluta sem Katla hafði ekki eyðilagt, enda var jarðnæði óvenju gott á Íslandi eftir að Svartidauði hafði lagt um helming þjóðarinnar að velli í byrjun 15. aldar.

Heimildir²

- Afmælisrit til Dr. Phil. Kr. Kálunds bókavarðar við safn Árna Magnússonar 19. ágúst 1914.* Gefið út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1914.
- Ármann Guðmundsson. *Kúabót í Álftaveri*. Ástandsskoðun og samanburðarrannsókn. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson. „Inn í eilífðina á augnabliki - Bær í Örfum. *Glettingur*. Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.
- Bjarni F. Einarsson. „„Garður er granna sættir.“ Fornigarður í Vogsósum.““ *Árnesingur VII*. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Músson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Músson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.
- Bjarni F. Einarsson. *Rannsókn á meintri kirkjurúst á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu*. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016*. Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu*. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2018.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skemma, stofa, skáli, eldhús og klefi*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2019.

² Hér eru allar heimildir sem komið hafa við sögu frá upphafi rannsókna í Arfabót.

- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, eldhús, klefi og bæjarstæði. Skýrsla V.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, búr göng og bæjarstæði. Skýrsla VI.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.
- Bjarni F. Einarsson. *Bærinn sem hvarf í ösku og eldi 1362.* Skrudda. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, búr, göng og bæjarstæði. Skýrsla VI.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008.* Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Björn Lárusson. *The old Icelandic Land Registers.* C.W.K. Gleerup. Lund 1967.
- Búalög um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap.* Sögufélag gaf út. Reykjavík 1915.
- Einar Ólafur Sveinsson. „Byggð á Mýrdalssandi.“ *Skírnir*. Tímarit Hins ísl. bókmenntafélags CXXI. Ár. Ritst. Einar Ól. Sveinsson. Reykjavík 1947. Bls. 185-210.
- Einar H. Einarsson. „Mýrdalur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1975.* Reykjavík 1975. Bls. 11-124.
- Einar H. Einarsson. „Mýrdalssandur – Álftaver.“ *Skírnir*. 160. árg. 1 tbl. Reykjavík 1986. Bls. 284–306.
- Finnur Jónsson. „Tvö heimildarit um byggð í Örafum, með athugasemdum.“ *Afmælisrit til Dr. Phil. Kr. Kålunds bókavarðar við safn Árna Magnússonar 19. ágúst 1914.* Gefið út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1914. Bls. 34–47.
- Frásögur um fornaldarleifar.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.
- Gísli Gestsson. „Álnir og kvarðar.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1968.* Reykjavík 1969. Bls. 45-78.
- Gísli Gestsson. „Gröf í Örafum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959.* Reykjavík 1959. Bls. 5-87.
- Gísli Gestsson. „Kúabót.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986.* Reykjavík 1987. Bls. 11-38.
- Gísli Gestsson. „Kúabót í Álftaveri III.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986.* Reykjavík 1987. Bls. 47-50.
- Gísli Gestsson og Lilja Árnadóttir. „Kúabót í Álftaveri VII. Fundaskrá.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986.* Reykjavík 1987. Bls. 63–96.
- Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn 2011-2012.* Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2013/140. Sauðárkróki 2013.
- Guðný Zoëga. *Keldudalur í Hegranesi.* Fornleifarannsóknir 2002-2007. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga X. 2008.
- Guðný Zoëga. *Uppgröftur kirkjugarðs á Stóru-Seylu.* Skagfirska kirkjurannsóknin II áfangi. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2013/2134. 2013.
- Guðný Zoëga. *Fornleifarannsókn á fornum kirkjugarði á Utanverðunesi í Skagafirði.* Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2018/211. 2018.
- Guðrún Larsen, Magnús Tumi Guðmundsson og Olgeir Sigmarsson. „Katla.“ *Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar.* Aðalritstjóri Júlíus Sólmes. Eldgos, ritstjóri Freysteinn Sigmarsson. Jarðskjálftar, ritstjóri Bjarni Bessason. Viðlagatrygging Íslands - Háskólaútgáfan. Reykjavík 2013(b). Bls. 211-233.

- Hildur Gestsdóttir. *Hofstaðir 2014. Interim report*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2015.
- Hildur Gestsdóttir. *Hofstaðir 2015. Interim report*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2016.
- Hjalti Hugason. „Kristnir trúarhættir.“ *Íslensk þjóðmenning V*. Trúarhættir. Norræn trú - Kristni - Þjóðtrú. Ritstj. Frosti F. Jóhannesson. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík 1988. Bls. 75–339.
- Hjörleifur Stefánsson. *Af jörðu. Íslensk torfhús*. Crymogea. Í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 2013.
- Hörður Ágústsson. „Íslenski torfbærinn.“ *Íslensk þjóðmenning I*. Uppruni og umhverfi. Ritst. Frosti Jóhannesson. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík 1987. Bls. 227-344.
- Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bref og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. Gefin út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Annað bindi 1253-1350. Kaupmannahöfn 1893.
- Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bref og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. Gefin út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Níunda bindi 1262-1536. Reykjavík 1909–1913.
- Íslenskir annálar*. Annales Islandici AB anno christi 803 AD annum 1430. Sumptibus Legati Arnæ-Magnæani. Hafniæ 1847.
- Jón Steingrímsson. „Skýrslur um Skaptárgosin 1783.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. Gefið út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1907-1915. Bls. 1-73.
- Jón Þorkelsson. „Eyðibýli í Álptaveri ritað 12. Febr. 1918 eptir Stepháni Einarssyni. Með viðbæti um Bólhraun.“ *Blanda*. Fróðleikur gamall og nýr. Sögufélag gaf út. Band I. Reykjavík 1918-20. Bls. 218-225.
- Kristján Eldjárn. „Eyðibýggð á Hrunamannaafrétti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1943-48. Reykjavík 1949. Bls. 1-43.
- Kristján Eldjárn. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1949-50. Reykjavík 1951. Bls. 102-119.
- Kristján Eldjárn. „Kort oversikt over gravskikke på Island i oldstid og middelalder.“ *Dansk ligbrændingsforenings beretning for 1953*. København 1953. Bls. 63–85.
- Kristján Eldjárn. „Athugasemd um fornar tóftir á Lundi í Lundarreykjadal.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1964. Reykjavík 1965. Bls. 102-110.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Skýrsla I. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2002. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2002.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarisdóttir. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Skýrsla III. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2004. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2004.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarisdóttir. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Skýrsla IV. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2005. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.
- Lilja Árnadóttir. „Kúabót í Álftaveri II.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1986. Reykjavík 1987. Bls. 39-46.
- Lilja Árnadóttir (b). „Kúabót í Álftaveri III.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1986. Reykjavík 1987. Bls. 56-57.

- Lúðvík Kristjánsson. *Íslenskir sjávarhættir IV*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík. 1985.
Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín.
 Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík
 1924–1947.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. *Íslands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingetida - vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Studia Archaeologica Universitatis Umensis 1. Umeå universitet.
 Arkeologiska institutionen. Reykjavík 1989.
- Morgunblaðið*. Vilhjálmur G. Bjarnason á Laufskálum - minning. Fæddur 2. júlí. 1900
 Dáinn 4. 11. febrúar 1993.
- Morgunblaðið* „Rústir tveggja í landi Þykkvabæjarklausturs hins forna.“
 Fimmtudagur 25. mars 1993.
- Mjöll Snæsdóttir. „Jólgeirsstaðir.“ *Gersemar og þarfaping*. Úr 130 ára sögu
 Þjóðminjasafns Íslands. Ritst. Árni Björnsson. Þjóðminjasafn Íslands - Hið ísl.
 bókmenntafélag. Reykjavík 1994. bls. 176-177.
- Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar*. Aðalritst. Júlíus Sólmes. Viðlagatrygging
 Íslands - Háskólaútgáfan. Reykjavík 2013.
- Orri Vésteinsson. *The church in Gásir. Interim report on excavations in 2004 and 2006*.
 With contributions from Guðrún Alda Gísladóttir & Ramona Harrison.
 Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2008.
- Roussell, Aage. „Stöng.“ *Forntida gårdar i Island*. Meddelanden från den nordiska
 arkeologiska undersökningen i Island sommaren 1939. Red. M. Stenberger. Ejnar
 Munksgård. Köbenhavn 1943. Bls. 72-97.
- Schutzback, Werner. *Katla - Saga Kötluelda*. Lafleur. Reykjavík 2005.
- Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags*
 1884-85. Bls. 61-138.
- Sigurður Þórarinnsson. „Katla og annáll Kötlugosa.“ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1975.
 Reykjavík 1975. Bls. 125-149.
- Steinunn Kristjánsdóttir *Geirsstaðir í Hróarstungu - stórbýli á landnáms- og söguöld*.
Niðurstöður fornleifarannsóknar. Minjasafns Austurlands sumarið 1997. Skýrslur
 Minjasafns Austurlands IV. 1998.
- Steinunn Kristjánsdóttir. Steinunn Kristjánsdóttir. *The Awakening of Christianity on*
Iceland. Discovery of a Timber Church and Graveyard at Þórarinsstaðir in
